



Markaðsstofa Suðurlands

Stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands

Selfossi 8. september 2010 kl. 13.00

Mættir: Sædís Íva, Sandra Brá, Ragnheiður Hergeirs, Rósa, Ásbjörn, Margrét Eggerts og Davíð Samúelsson

Fundarefni:

Samantekt; Davíð kynnir samantekt yfir þau verkefni sem hann hefur verið að vinna að frá byrjun. Samantektin verður send út til stjórnar og félagsmanna MSS.

Kynning

- Nýtt myndband frá Prófilm fyrir Visit South Iceland; myndbandið kostar í kringum 700 þús og er um 2 mín. Verður hægt að uppfæra og jafnvel bæta við 1 mín á næsta ári. Þeir aðilar sem eru í MSS geta nýtt sér þetta sem kynningarefni fyrir sig.
- **Landshlutabæklingurinn Official Tourist Guide South Iceland 2011;** Mikil vinna lögð í hönnunina á bæklingnum. Þemað er líflegt, fólk, eldgos og afþreying. Vestmannaeyjum kippt út þar sem þeir eru ekki aðilar að MSS. Allir textar unnir uppá nýtt til að samræmaefnið. Enska heitið á stofunni er nú Visit South Iceland. Mikið af myndum skipt út.
- Davíð leggur til að ekki verði gerður áframhaldandi samningur við R3. Samþykkt.

Kynningarátak á VN kynnt; Eitt af verkefnum að samræma kynningarefni að lit MSS sem er lime. Þjóða kaupendum að koma inná Sunnlenska svæðið og fá sér kokteil. Búið að útbúa poka merka MSS sem fólk getur safnað í bæklingum. Allir sem eru aðilar að MSS fá lítið merki og blómaskreytingu á borðin sín ásamt því að vera með barmmerki merkt MSS. Verið að útbúa súkkulaðibita með myndunum sem eru utan á bæklingnum og bannernum, tilgangurinn er að sama áreitið sé alls staðar.

Markaðsvinna í vetur;

- **Sýningar;** Þurfum ekki að vera á öllum sýningum. Ýmsir útsendarar sem hægt er að senda með efni t.d. er Íslandsstofa að fara til Kanada.
 - Sendingar – þátttaka; ýmsar sýningar á döfinni á næstunni innanlands sem þarf að skoða hvort á að taka þátt í. Ekki takið þátt í matvælasýningunni í Perlunni í lok september.
 - Davíð hefur skoðað hvaða sýningar eru í boði erlendis m.a. það sem Ferðamálastofa kemur að. Skoða hvort að það eigi að fara á ITB. Stjórnarmenn sem eru að fara á sýningar munu taka með sér mynddiskinn og dreifa. Hafa samband við söluaðila í Skandinavíu um að fara með South bæklinginn og diskinn á sýningar þeirra svæðum. Mikið að minni sýningum þar í gangi. Sóknarfæri í því að koma ítarefni á framfæri án þess að fara endilega sjálf á sýningarnar.
 - Mikilvægt að dreifingin sé markviss á mynddisknum. Þarf að dreifa á ferðaskrifstofurnar bæði beint og með tölvupósti. Myndbandið verður sett inn á utube og vime ásamt því að sveitarfélögin geta sett það inná heimasíðurnar sínar.
 - Fjölmiðlar – ferðaskrifstofur – FAM ferðir – Inspectionferðir;
- **Samstarfsaðilar erlendis;** Davíð er að fara að taka á móti hópi 3.-9. október í FAM ferð. Reyna að draga frekar fólk sem er að selja okkur og bjóða í FAM ferð. Skiptir miklu máli að verið sé að bjóða réttum aðilum í slíkar ferðir. MSS búi til pakka og finni samstarfsaðila samkvæmt því.
 - **Innlendir samstarfsaðilar;** Mikilvægt að bjóða innlendum ferðaskrifstofum í FAM ferðir líka. Sóknarfæri í inspection ferðum fyrir upplýsingamiðstöðvar. Fá að dreifa bæklingnum í bílaleigubíla.
- **Umsókn til Vaxtasamnings;** Nú í haust

- Vinna við heimasíðu
- Gerð bæklinga- og kynningarefnis; fyrir fólk sem er að ferðast á eigin vegum á bílaleigubílum.
- Mikilvægt að það sé til gott kort af Suðurlandi

Upplýsingamiðstöð Suðurlands; er að vinna að því að uppfæra þjónustulistana á heimasíðunni. Mikilvægt að það sé miðlægt viðburðadagatal á south.is, taka út messudagskrár. Hafa inni t.d. réttir, hundaræktarsýningar.

Heimasíða www.south.is; orðin mjög fín. Búið að leggja mikið fjármagn og tíma í þessa síðu. Þarf að vera hægt að selja auglýsingar og bannerá inná síðuna til að gera hana sjálfbæra.. MSS hefur ekkert með veftréð að gera en mikilvægt að skoða hvernig er hægt að nýta það sem best í samráði við netmarkaðsaðila.

- **Umsókn til Vaxtasamnings**
- **Samningur v. Icelandtoday** – Jónas er að hætta hjá Iceland today en er tilbúin til að vinna sjálfstætt í 2-3 tíma á dag áfram.
- **Tilboð Jónasar** – Gera stuttan samning við Jónas og skipta jafnvel á milli aðila til að fá fleiri en eina sýn. Gerður samningur við Jónas fram í október.
- **Sala á auglýsingum;** Einfalda forsíðuna svo hægt sé að selja frekar auglýsingar. Hverjir eiga að fá að auglýsa? Ekki líklegt að það verði slegist um að auglýsa
- **Markaðssetning á netinu;** gríðarlega mikilvægt að þetta sé vönduð og markviss vinna. Þarf að gera ráð fyrir reglulegu fjármagni í þennan þátt.
- **Grunnskráning** – búin að missa töluvert af ítarskráningum þar sem of miklar upplýsingar eru í grunnskráningu sem Ferðamálastofa sér um. Davíð fer með tillögu inná fund með hinum Markaðsstofunum um að grunnskráningin verði minnkuð í eingöngu nafn fyrirtækis og heimilisfang.

Uppskeruhátíð 8. Október á Hótel Heklu. Hittast á hádegi og farið í heimsókn til nokkurra ferðaþjónustuaðila.

Öðrum málum frestað til næsta stjórnarfundar.

Annan mánudag í október verður stuttur símafundur. Hittumst aftur næst í desember.

Fundi slitið kl. 15:22